

13. *Stjórn F.S.A. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.*
 14. *Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.*
 15. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar STAK og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar frá 1. febrúar 1994 ásamt breytingum frá 18. apríl 1996.*
- D. **Aðrar nefndir** sem stofnaðar verða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á „deiliskipulagi Suðrhafnar“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. apríl 2002 breytingu á „deiliskipulagi Suðrhafnar“, Hafnarfirði.

Breytingin felst í meginatriðum í því að verið er að leggja niður götuna Suðurgarð og færa til götur B og Cuxhavengötu, samfara því verða breytingar á lóðum og byggingareitum. Jafnframt er lóð A á reit 5.4c skipt í tvennt og heimiluð olíubirgðastöð á henni.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. júlí 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, strandhverfi við Arnarnesvog.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að á áður óbyggðu svæði og hafnarsvæði er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun fyrir íbúðir, verslun, þjónustu og stofnanir og á afmörkuðu svæði iðnaði. Svæði meðfram strönd að fyllingu verður opið, óbyggt svæði. Gert er ráð fyrir um 760

íbúðum, atvinnuhúsnæði fyrir skrifstofur og þjónustu, allt að 10.000 m², lítilli smábátahöfn, bensínstöð, leikskóla, sjóbaðsströnd, hverfisþjónustu o.fl.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979 – 1999, breytt lega hafnargarða.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979 – 1999 frá 19. janúar 1981.

Breytingin felst í breyttri legu hafnargarða á hafnarsvæðinu sunnan Norðfjarðarvegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um (3) breytingu á reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Heimilt er að meta til hækkunar greiðslna þegar um er að ræða þunga umönnun framfæranda vegna fatlaðra og langveikra barna í umönnunarflokkum 1, 2 og 3 hér að neðan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. gr., sbr. 13. gr., laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 8. júlí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.